

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/44/14

frá 23. mars 2005

um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir handþvottaefni (*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 1026)

(2005/342/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki fyrir hvern vöruflokk og skuli þær byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins hefur sett fram.
- 3) Þar er einnig kveðið á um að endurskoðun á viðmiðununum fyrir umhverfismerkið, sem og á mats- og sannprófunarkröfunum er varða viðmiðanir, skuli fara fram í tæka tíð fyrir lok gildistímabils viðmiðananna sem tilgreindar eru fyrir vöruflokkinn sem um ræðir.
- 4) Rétt er að endurskoða vistfræðilegu viðmiðanirnar, sem settar voru með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/607/EB frá 19. júlí 2001 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir handþvottaefni ⁽²⁾, þannig að þær taki tillit til þróunar í vísindum og á markaði.

5) Enn fremur er nauðsynlegt að breyta skilgreiningunni á vöruflokknum, sem mælt er fyrir um í ákvörðuninni, til þess að fram komi að undir hann falli vörur jafnt til einkanota og nota í atvinnustarfsemi.

6) Til glöggvunar skal því skipta út tilskipun 2001/607/EB.

7) Endurskoðuðu, vistfræðilegu viðmiðanirnar skulu gilda í fjögur ár.

8) Heimila ber aðlögunartímabil, sem er ekki lengra en 12 mánuðir, fyrir umsækjendur sem hafa fengið eða hafa sótt um umhverfismerkið fyrir vörur sínar fyrir þann dag sem tilkynnt er um þessa ákvörðun svo að þeir hafi nægan tíma til að aðlaga vörurnar þannig að þær séu í samræmi við endurskoðuðu viðmiðanirnar og kröfurnar.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Undir vöruflokkinn „handþvottaefni“ fellur:

„allt þvotta- og hreinsiefni sem ætlað er til að þvo upp í höndum diska, leirtau, hnífapör, potta, pönnur, eldhúsahöld o.s.frv.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 115, 4.5.2005, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2006 frá 27. janúar 2006 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 17, 30.3.2006, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 214, 8.8.2001, bls. 30.

Undir vöruflokkinn falla vörur jafnt til einkanota og nota í atvinnustarfsemi.

2. gr.

Handuppvottaefni, sem fær umhverfismerki Bandalagsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000, verður að falla undir vöruflokkinn „handuppvottaefni“ og uppfylla þær vistfræðilegu viðmiðanir sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „handuppvottaefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2008.

4. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið 019 notað fyrir vöruflokkinn „handuppvottaefni“.

5. gr.

Ákvörðun 2001/607/EB er felld úr gildi.

6. gr.

Þegar um er að ræða vörur, sem falla undir flokkinn „handuppvottaefni“, er heimilt að nota umhverfismerki, sem veitt hafa verið áður en tilkynnt er um þessa ákvörðun, til 31. mars 2006. Hafi umsóknir verið lagðar fram fyrir þann dag, sem tilkynnt er um þessa ákvörðun um umhverfismerkið fyrir vörur sem falla undir vöruflokkinn „handuppvottaefni“, er heimilt að veita merkið samkvæmt skilmálum ákvörðunar 2001/607/EB. Í þeim tilvikum er heimilt að nota umhverfismerkið til 31. mars 2006.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. mars 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

ALMENN ÁKVÆÐI

Til að geta fengið umhverfismerki verður handuppþvottaefni (sem nefnist hér á eftir varan) að falla undir vöruflokkinn eins og hann er skilgreindur í 1. gr. og vera í samræmi við viðmiðanirnar í þessum viðauka. **Markmiðið með viðmiðunum**

Markmiðið með þessum viðmiðunum er einkum að:

- dregið verði úr losun eiturefna eða annarra mengandi efna í vatn,
- dregið verði úr eða komið í veg fyrir áhættu fyrir heilsu eða umhverfið tengdri notkun hættulegra efna,
- umbúðaúrgangi sé haldið í lágmarki,
- veita upplýsingar sem gera neytendum kleift að nota vöruna á árangursríkan hátt sem heldur umhverfisáhrifum í lágmarki.

Viðmiðanirnar eru hafðar þannig að þær stuðli að merkingu handuppþvottaefnis sem hefur lítil umhverfisáhrif.

Kröfur varðandi mat og sannprófun

Sérstakar kröfur varðandi mat og sannprófun eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bær aðili, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Þar sem engar prófanir eru tilgreindar eða þar sem tilgreint er að þær séu notaðar til sannprófunar eða eftirlits ber þar til bærum aðilum að byggja á yfirlýsingum og gögnum sem umsækjandi lætur í té og/eða óháðum sannprófunum eftir því sem við á.

Ef við á geta þar til bærir aðilar krafist fylgiskjala og framkvæmt óháða sannprófun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, upplýsingaskjöl, prófunarskýrslur eða önnur sönnunargögn til staðfestingar á að varan uppfylli viðmiðanirnar mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans og/eða undirbirgjum þeirra o.s.frv., eftir því sem við á.

Ef innihaldsefni eru tilgreind tekur það einnig til efna og efnablandna.

Í I. viðbæti er nýtt, endurskoðað gagnasafn fyrir innihaldsefni þvotta- og hreinsiefna (svokallaða DID-skrá), í útgáfu frá 30. júní 2004, þar sem er að finna algengustu innihaldsefni í þvotta- og hreinsiefnasamsetningum. Gögnin til að reikna út lágmarksþynningu til að varna eiturhrifum (CDV_{tox}) og til að meta lífþrjótanleika yfirborðsvirkra efna skulu fengin úr A-hluta DID-skrárinnar.

Ef við á getur umsækjandinn síðar notað endurskoðaðar útgáfur gagnasafnsins fyrir innihaldsefni þvotta- og hreinsiefna eftir því sem þær liggja fyrir.

Umsækjandi skal, á eigin ábyrgð, beita aðferðinni, sem lýst er í B-hluta I. viðbætis, þegar um er að ræða innihaldsefni sem ekki eru skráð í A-hluta DID-skrárinnar.

Umsækjandinn má staðfesta niðurbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður með aðferðinni, sem lýst er í II. viðbæti, þegar um er að ræða innihaldsefni sem eru ekki tilgreind í DID-skránni.

Mælt er með því að þar til bærir aðilar taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með því að farið sé eftir viðmiðunum í þessum viðauka, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, s.s. EMAS eða ISO 14001, er beitt. (Ath.: Þess er ekki krafist að slíku stjórnunarkerfi sé beitt.)

VISTFRÆÐILEGAR VIÐMIÐANIR

1. Eiturhrif á vatnalífverur

Lágmarksþynning til að varna eiturhrifum (CDV_{tox}) er reiknuð fyrir hvert innihaldsefni (i) með eftirfarandi jöfnu:

$$CDV_{tox} \text{ (innihaldsefni i)} = \frac{\text{þyngd (i)} \times \text{NS (i)}}{\text{stuðull langvinnra eiturhrifa (ES) (TF chronic) (i)}} \times 1000$$

þar sem þyngdin (i) er þyngd innihaldsefnisins (í grömmum) á hvern ráðlagðan skammt fyrir 1 l af uppþvottavatni, NS (i) er niðurbrotstuðullinn og stuðull langvinnra eiturhrifa (ES) (i) er eiturhrifastuðull fyrir langvinn eiturhrif innihaldsefnisins (í mg/l).

Gildi niðurbrotstuðuls og stuðuls fyrir langvinn eiturhrif skulu gefin í A-hluta gagnasafns fyrir innihaldsefni þvotta- og hreinsiefna (A-hluta DID-skrár) (I. viðbætur). Ef viðkomandi innihaldsefni er ekki tilgreint í A-hluta DID-skrárinnar skal umsækjandinn áætla gildi þess með aðferðinni sem lýst er í B-hluta DID-skrárinnar (I. viðbætur). Lágmarksþynning til að varna eiturhrifum (CDV_{tox}) er lögð saman fyrir hvert innihaldsefni og þannig fæst lágmarksþynning til að varna eiturhrifum (CDV_{tox}) fyrir vöruna.

Lágmarksþynning ráðlagða skammtsins til að varna eiturhrifum gefin upp fyrir 1 l af uppþvottavatni skal ekki vera yfir 4 200 l.

Mat og sannprófun: Upplýsingar um nákvæma samsetningu vörunnar skulu veittar þar til bærur aðila ásamt upplýsingum varðandi útreikninga á lágmarksþynningu til að varna eiturhrifum sem sýna að þeir séu í samræmi við þessa viðmiðun.

2. Lífbrjótanleiki yfirborðsvirkra efna

a) Auðlífbrjótanleiki (loftháður)

Öll yfirborðsvirk efni, sem eru notuð í vöruna, skulu vera auðlífbrjótanleg.

Mat og sannprófun: Veita skal þar til bærur aðila nákvæmar upplýsingar um samsetningu vörunnar ásamt lýsingu á hlutverki allra innihaldsefnanna. Í A-hluta DID-skrárinnar (I. viðbætur) er tilgreint hvort tiltekið, yfirborðsvirkt efni sé lífbrjótanlegt við loftháðar aðstæður eða ekki (yfirborðsvirkt efni, sem merkt eru með „A“ í dálkinum sem gefur til kynna lífbrjótanleika við loftháðar aðstæður, eru auðlífbrjótanleg). Fyrir yfirborðsvirkt efni, sem ekki eru tilgreind í A-hluta DID-skrárinnar, skal leggja fram viðeigandi upplýsingar fengnar úr fræðiritum eða öðrum heimildum eða viðeigandi niðurstöður prófana sem sýna að efni séu lífbrjótanleg við loftháðar aðstæður. Prófanir á auðlífbrjótanleika skulu vera eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 frá 31. mars 2004 um þvotta- og hreinsiefni. Yfirborðsvirkt efni teljast auðlífbrjótanleg ef lífbrjótanleiki (sundrun), sem er mældur í einni af eftirfarandi fimm prófunum, er a.m.k. 60% á 28 dögum: kollrúmsgreiningu (headspace test) koltvísýrings (OECD 310), myndun koltvísýrings – breyttri Sturm-prófun (OECD 301B; aðferð C.4-C í V. viðauka við tilskipun 67/548/EBE), prófun í lokaðri flösku (OECD 301D; aðferð C.4-F í V. viðauka við tilskipun 67/548/EBE), öndunarmæling með þrýstímælingu (OECD 301F, aðferð C.4-D í V. viðauka við tilskipun 67/548/EBE), MITI (I)-prófun (OECD 301C, aðferð C.4-F í V. viðauka við tilskipun 67/548/EBE) eða með ISO-prófunum sem eru jafngildar hinum. Nota má eina af eftirfarandi prófunum, með fyrirvara um eðliseiginleika yfirborðsvirka efnisins, til að staðfesta auðlífbrjótanleika ef lífbrjótanleiki er a.m.k. 70% á 28 dögum: niðurbrot á uppleystu, lífrænu kolefni (DOC-niðurbrot) (OECD 301A, aðferð C.4-A í V. viðauka við tilskipun 67/548/EBE), breytta OECD-skimunarprófun (DOC-niðurbrot), aðferð C.4-B í V. viðauka við tilskipun 67/548/EBE eða ISO-prófanir sem teljast jafngildar hinum. Færa skal viðeigandi rök fyrir notkunargildi prófunaraðferða sem byggðar eru á mælingum á uppleystu, lífrænu kolefni þar sem prófanirnar gætu gefið niðurstöður fyrir fjarlægingu en ekki lífbrjótanleika. Foraðlögun skal ekki notuð við prófanir á auðlífbrjótanleika við loftháðar aðstæður. Meginreglan um 10 daga mörk gildir ekki.

b) Lífbrjótanleiki við loftfirrðar aðstæður

Öll yfirborðsvirkt efni, sem notuð eru í vöruna, skulu vera lífbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður.

Mat og sannprófun: Leggja skal fram hjá þar til bærur aðila nákvæmar upplýsingar um samsetningu vörunnar ásamt lýsingu á hlutverki hvers innihaldsefnis. Í A-hluta DID-skrárinnar (I. viðbætur) er tilgreint hvort tiltekið, yfirborðsvirkt efni sé lífbrjótanlegt við loftfirrðar aðstæður eða ekki (yfirborðsvirkt efni, sem merkt eru með „J“ í dálkinum sem gefur til kynna lífbrjótanleika við loftfirrðar aðstæður, eru lífbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður). Fyrir yfirborðsvirkt efni, sem ekki eru tilgreind í A-hluta DID-skrárinnar, skal leggja fram viðeigandi upplýsingar fengnar úr fræðiritum eða öðrum heimildum eða viðeigandi niðurstöður prófana sem sýna að efni séu lífbrjótanleg við loftfirrðar aðstæður.

(¹) Stjórn. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 1.

Viðmiðunarprófunin fyrir niðurbrotanleika við loftfirrðar aðstæður skal vera OECD 311, ISO 11734, ECETOC nr. 28 (frá júní 1998) eða sambærileg prófunaraðferð þar sem krafist er endanlegs niðurbrots að lágmarki 60% við loftfirrðar aðstæður. Einnig má nota prófunaraðferðir, sem líkja eftir skilyrðum í samsvarandi, loftfirrðu umhverfi, til að staðfesta að náðst hafi endanlegt niðurbrot, sem nemur 60%, við loftfirrðar aðstæður (sjá II. viðbæti).

3. Skaðleg, hættuleg eða eitruð efni eða efnablöndur

- a) Eftirfarandi innihaldsefni mega ekki vera í vörunni, hvorki sem hluti samsetningar hennar né sem hluti nokkurrar efnablöndu í samsetningunni:

— alkýlfenóletoxýlöt (APEO) eða afleiður þeirra,

— EDTA (etýlendíamíntetraedíksýra) eða sölt hennar

— NTA (nitrílótríasetat)

— nitrómoskusefni og fjölhringa moskusefni, s.s.:

moskusxýlen: 5-tert-bútýl-2,4,6-trínitró-m-xýlen

moskusambrett: 4-tert-bútýl-3-metoxý-2,6-dínitrótólúen

mosken: 1,1,3,3,5-pentametyl-4,6-dínitróindan

moskustíbetín: 1-tert-bútýl-3,4,5-trímetyl-2,6-dínitróbensen

moskusketón: 4'-tert-bútýl-2',6'-dímetýl-3',5'-dínitróasetafenón

HHCB (1,3,4,6,7,8-hexahýdró-4,6,6,7,8,8-hexametyl-sýklópenta(g)-2-bensópýran)

AHTN (6-asetýl-1,1,2,4,4,7-hexametyl-tetralín).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu, sem er studd yfirlýsingum frá framleiðendum, eftir því sem við á, þar sem staðfest er að tilgreindu efni séu ekki í vörunni.

- b) Ekki skal nota fjórgreinótt ammóníumsölt sem ekki eru auðlíffrjótanleg, hvorki sem hluta samsetningar né sem hluta nokkurrar efnablöndu í samsetningunni.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram skjöl sem sýna líffrjótanleika allra fjórgreinóttra ammóníumsalta sem notuð eru.

- c) Í vörunni má ekki vera neitt innihaldsefni (efni eða efnablanda) sem er flokkað með einhverri eftirfarandi hættusetningu, eða samsetningu þeirra, í samræmi við tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna ⁽²⁾ og síðari breytingar á henni eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efnablandna ⁽³⁾ og síðari breytingar á henni:

H40 (getur hugsanlega valdið krabbameini)

H45 (getur valdið krabbameini)

H46 (getur valdið arfgengum skaða)

⁽²⁾ Stjótt. EB 196, 16.8.1967, bls. 1.

⁽³⁾ Stjótt. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

H49 (getur valdið krabbameini við innöndun)

H68 (getur valdið varanlegu heilsutjóni)

H50-53 (mjög eitrad vatnalífverum og getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni)

H50-53 (eitrad vatnalífverum og getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni)

H59 (hættulegt ósonlaginu)

H60 (getur dregið úr frjósemi)

H61 (getur skaðað barn í móðurkviði)

H62 (getur hugsanlega dregið úr frjósemi)

H63 (getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði)

H64 (getur skaðað brjóstmylkinga).

Sértækar kröfur gilda um sæfiefni, hvort sem þau eru hluti samsetningar eða hluti efnablöndu í samsetningunni (sjá viðmiðun um sæfiefni hér á eftir).

Kröfurnar hér að framan gilda um sérhvert innihaldsefni (efni eða efnablöndu) sem fer yfir 0,01% miðað við þyngd fulllunu vörunnar. Þetta gildir einnig um sérhvert innihaldsefni efnablöndu, sem notuð er í efnasamsetningunni, sem fer yfir 0,01% miðað við þyngd fulllunu vörunnar.

Mat og sannprófun: Leggja skal fram afrit af öryggisleiðbeiningum fyrir hvert innihaldsefni (hvort sem um efni eða efnablöndur er að ræða). Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda innihaldsefnanna um að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

4. Sæfiefni

- a) Einungis er heimilt að varan innihaldi sæfiefni í því skyni að rotverja hana og skal viðeigandi skammtur ekki vera stærri en nauðsynlegt er í þessum tilgangi. Þetta á ekki við um yfirborðsvirk efni sem einnig kunna að búa yfir eiginleikum sæfiefna.

Mat og sannprófun: Leggja skal fram afrit af öryggisleiðbeiningum fyrir hvert rotvarnarefni sem bætt er við ásamt nákvæmum upplýsingum um styrk þess í fulllunu vörunni. Framleiðandi eða birgir rotvarnarefnanna skal leggja fram upplýsingar um þann skammt sem þarf til að rotverja vöruna.

- b) Óheimilt er að halda því fram eða gefa til kynna á umbúðum eða á annan hátt að handuppþvottaefnið hafi örverueyðandi virkni.

Mat og sannprófun: Leggja skal upplýsingar um texta og hönnun hverrar tegundar umbúða fram hjá þar til bærur aðila og/eða afhenda honum sýnishorn af hverri tegund.

- c) Sæfiefni, sem notuð eru til að rotverja vöruna og eru flokkuð með hættusetningunum H50-53 eða H51-53 í samræmi við ákvæði tilskipunar 67/548/EBE og síðari breytingar á henni eða ákvæði tilskipunar 1999/45/EB, eru einungis leyfð ef ekki er hætt á að þau safnist upp í lífverum, hvort sem þau eru hluti samsetningar eða hluti efnablöndu í samsetningunni. Í þessu samhengi telst sæfiefni hugsanlega safnast upp í lífverum ef $\log P_{ow}$ (log af deilistuðli oktanóls/vatns) $\geq 3,0$ (nema lífféttistuðullinn (BCF), sem er ákvarðaður með tilraunum, sé ≤ 100).

Styrkur sæfiefna í fullunnu vörunni skal ekki fara yfir leyfilegan hámarksstyrk samkvæmt tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ⁽⁴⁾ og síðari breytingum á henni.

Mat og sannprófun: Leggja skal fram afrit af öryggisleiðbeiningum fyrir öll sæfiefni ásamt upplýsingum um styrk þeirra í fullunnu vörunni.

5. Leysilitir eða litunarefni

Hvers kyns leysilitir eða litunarefni, sem notuð eru í vöruna, verða að vera leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 76/768/EBE og síðari breytingum hennar eða samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 um litarefni til notkunar í matvælum ⁽⁵⁾ og síðari breytingum á henni eða verða að búa yfir eiginleikum sem varða umhverfið og fela ekki í sér flokkun með hættusetningunum H50-53 eða H51-53 í samræmi við tilskipun 67/548/EBE og síðari breytingar á henni.

Mat og sannprófun: Leggja skal fram yfirlýsingu hjá þar til bærum aðila þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt tæmandi skrá yfir alla leysiliti og litunarefni sem notuð eru.

6. Ilmefni

- a) Varan skal ekki innihalda ilmefni sem í eru nítrómoskusefni eða fjölhringa moskusefni (eins og tilgreint er í viðmiðun 3 a).
- b) Öll innihaldsefni, sem bætt er við vöruna sem ilmefni, verða að hafa verið framleidd og/eða meðhöndluð í samræmi við reglur Alþjóðlegu ilmefnasamtakanna (International Fragrance Association) um starfsvenjur.
- c) Óheimilt er að nota ilmefni í handuppþvottaefni til nota í atvinnuskyni.

Mat og sannprófun: Leggja skal fram yfirlýsingu hjá þar til bærum aðila þess efnis að hver þáttur þessarar viðmiðunar sé uppfylltur.

7. Næmandi efni

Ekki skal flokka vöruna með hættusetningunum H42 (getur valdið ofnæmi við innöndun) og/eða H43 (getur valdið ofnæmi í snertingu við húð) í samræmi við tilskipun 1999/45/EB og síðari breytingar á henni. Styrkur efnis eða innihaldsefnis, sem flokkað er með H42 (getur valdið ofnæmi við innöndun) og/eða H43 (getur valdið ofnæmi í snertingu við húð) í samræmi við tilskipun 1999/45/EB og síðari breytingar á henni, má ekki fara yfir 0,1% miðað við þyngd fullunnu vörunnar.

Mat og sannprófun: Leggja skal fram upplýsingar hjá þar til bærum aðila um nákvæman styrk allra innihaldsefna sem flokkuð eru með H42 og/eða H43 ásamt afritum af öryggisleiðbeiningum.

8. Eiginleikar sem eru hættulegir heilsu eða ætandi

Ekki skal flokka vöruna sem „hættulega heilsu“ (Xn) eða „ætandi“ (C) í samræmi við tilskipun 1999/45/EB.

Mat og sannprófun: Leggja skal fram hjá þar til bærum aðila afrit af öryggisleiðbeiningum og nákvæmar upplýsingar um styrk allra efna í vörunni, hvort sem þau eru hluti samsetningarinnar eða efnablöndu sem er hluti af samsetningunni, séu þau flokkuð sem „hættuleg heilsu“ (Xn) eða „ætandi“.

9. Kröfur vegna umbúða

- a) Rúmmálsstuðull umbúða (VCP), að undanskildum tappa, fyrir grunnumbúðirnar skal vera 1,9 eða lægri. Þessi viðmiðun gildir ekki ef 50% grunnumbúðanna eða meira eru úr endurrunnu efni.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13.

Rúmmálsstuðull umbúða svarar til rúmmáls minnstu, réttþyrndu rúmmyndar (réttþyrnds samhliðungs) sem umbúðirnar komast fyrir í deilt með rúmmáli vörunnar sem er í umbúðunum.

- b) Ef grunnbúðirnar eru úr endurunnu efni skal sérhver tilgreining á umbúðunum þar að lútandi vera í samræmi við ISO-staðal 14021 „Environmental labels and declarations – Self declared claims (type II environmental labelling)“.
- c) Auðvelt skal vera að skilja grunnbúðirnar að í einstök efni.
- d) Plast, sem notað er í aðalflátið, skal vera merkt í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang⁽⁶⁾ eða í samræmi við 1. og 2. hluta DIN 6120 í tengslum við 1. hluta DIN 7728.

Mat og sannprófun: Leggja skal fram gögn um umbúðirnar og/eða sýnishorn, ef við á, hjá þar til bærum aðila ásamt yfirlýsingu um að hver hluti þessarar viðmiðunar sé uppfylltur.

NOTAGILDI

10. Notagildi

Varan skal vera tilbúin til notkunar og uppfylla þarfir neytenda.

Hreinsihæfnin (cleaning ability) skal vera meiri en hreinsihæfni hreins vatns og a.m.k. jafngóð hreinsihæfni markaðsráðandi viðmiðunarvöru eða ónafngreindrar viðmiðunarvöru (generic reference product) (sjá III. viðbæti) og skal þar til bær aðili samþykkja vöruna.

Hreinsimátturinn (cleaning capacity) skal vera jafnmikill eða meiri en hreinsihæfni markaðsráðandi viðmiðunarvöru eða ónafngreindrar viðmiðunarvöru og skal þar til bær aðili samþykkja vöruna.

Mat og sannprófun: Prófa skal hreinsihæfni og hreinsimátt með fullnægjandi og viðeigandi árangursprófun á rannsóknarstofu samkvæmt tilskildum færðbreytum eins og lýst er í III. viðbæti.

NEYTENDAUPLÝSINGAR



11. Notendaleiðbeiningar

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á umbúðum vörunnar:

- a) „Ekki skal þvo upp undir rennandi vatni heldur leggja leirtauið í uppþvottabala eða þ.u.l. og nota ráðlagðan skammt. Besti uppþvotturinn fæst þegar ekki freyðir mikið“ (eða sambærilegur texti).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10.

- b) Birta skal upplýsingarnar hér á eftir á umbúðunum í fullnægjandi stærð og á bakgrunni þar sem þær koma vel fram. Notkun skýringarmynda er valfrjálst

Ráðlagður skammtur í 5 l af uppþvottavatni:		
	ekki mjög óhreint	x ml (y teskeiðar) vöru
	óhreint	z ml (w teskeiðar) vöru

þar sem umsækjandi og/eða framleiðandi skilgreinir gildi x, y, z og w.

Mælieiningin, sem notuð er á skýringarmyndinni, skal vera millilítrar. Aðra vel þekkta mælieiningu, t.d. teskeiðar, skal gefa upp til viðbótar innan sviga (eins og á skýringarmyndinni hér að framan). Ef umbúðunum fylgir handhægur skammtari sem getur skammtað á jafn áreiðanlegan hátt er heimilt að nota annars konar mælieiningu (t.d. tappafylli, einn dæluskammt eða þ.u.l.).

- c) Valfrjálst er hvort fram kemur í hve mörg skipti ein flaska dugir til uppþvotta en mælt er með því.
- Þetta er reiknað með því að deila skammtinum, sem þarf í 5 lítra af vatni til uppþvotta (eins og tilgreint er á skýringarmyndinni hér að framan), í rúmmál vörunnar.
- d) Beita skal reglugerð (EB) nr. 648/2004.
- e) „Unnt er að fá frekari upplýsingar á vefsetri umhverfismerkis Evrópusambandsins: <http://europa.eu.int/ecolabel>.“ (eða sambærilegur texti).

Mat og sannprófun: Leggja skal fram sýnishorn af vöruumbúðunum, að meðtöldum merkimiðanum, hjá þar til bærum aðila ásamt yfirlýsingu um að hver þáttur þessarar viðmiðunar sé uppfylltur.

12. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu:

- minnkuð áhrif á líf í vatni,
- minnkuð notkun hættulegra efna,
- skýrar notendaleiðbeiningar.

I. viðbætur
DID-SKRÁ

Þegar um er að ræða innihaldsefni, sem eru tilgreind í A-hluta DID-skránnar, skal nota gildi fyrir eiturrif og niðurbjótanleika í skránni til að meta hvort vistfræðilegu viðmiðanirnar séu uppfylltar.
Þegar um er að ræða innihaldsefni, sem ekki eru tilgreind í A-hluta DID-skránnar, skal beita aðferðinni sem lýst er í B-hluta til að ákvarða gildi eiturrifa og niðurbjótanleika.

Gagnasafn fyrir innihaldsefni þvotta- og hreinsiefna
Útgáfa frá 30. júní 2004

A-hluti – Skrá yfir innihaldsefni

DID-númer	Heiti innihaldsefnis	Bráð eiturrif			Langvinn eiturrif			Niðurbrot		
		LC ₅₀ /EC ₅₀	ÖS (bráð)	ES (bráð)	Sýrkar sem hefur ekki merkjaleg áhrif (NOEC) (*)	ÖS (langvinn) (*)	ES (langvinn)	NS	Loftháð	Loffírt
	Mínushlaðin, yfirborðsvirk efni									
1	Límuleg alkýlbensensúlffónöt 11,5–11,8 (LAS)	4,1	1 000	0,0041	0,69	10	0,069	0,05	A	N
2	LAS (C 10–13 alkýl-) trítanóláminsalt	4,2	1 000	0,0042	3,4	100	0,034	0,05	A	O
3	C 14/17 alkýlsúlffónat	6,7	5 000	0,00134	0,44	10	0,044	0,05	A	N
4	C 8/10 alkýlsúlffat	132	5 000	0,0264			0,0264	0,05	A	J
5	C 12/14 alkýlsúlffat (AS)	2,8	1 000	0,0028	2	100	0,02	0,05	A	J
6	C 12/18 alkýlsúlffat (AS) (#)			0,0149			0,027	0,05	A	J
7	C 16/18 fitualkóholsúlffat (FAS)	27	1 000	0,027	1,7	50	0,034	0,05	A	J
8	C 12/15 A 1–3 EO-súlffat	4,6	1 000	0,0046	0,1	10	0,01	0,05	A	J
9	C 16/18 A 3–4-EO súlffat	0,57	10 000	0,000057			0,000057	0,05	A	J
10	Díalkýlsúlfósúksínat	15,7	1 000	0,0157			0,0157	0,5	L	N
11	C 12/14 súlfófitusýrumetýlester	9	10 000	0,0009	0,23	50	0,0046	0,05	A	N

DID-númer	Heiti innihaldsefnis	Bráð eitruhrif			Langvinn eitruhrif				Niðurbrot		
		LC ₅₀ /EC ₅₀	ÓS (bráð)	ES (bráð)	Styrkur sem hefur ekki merkiantleg áhrif (NOEC) (*)	ÓS (langvinn) (*)	ES (langvinn)	NS	Loftháð	Loftfírr	
12	C 16/18 súlfó-fínsúrmetýlester	0,51	5 000	0,000102	0,2	50	0,004	0,05	A	N	
13	C 14/16 alfaólefnisúlfónat	3,3	10 000	0,00033			0,00033	0,05	A	N	
14	C 14/18 alfaólefnisúlfónat	0,5	5 000	0,0001			0,0001	0,05	A	N	
15	Sápa, C > 12-22	22	1 000	0,022	10	100	0,1	0,05	A	J	
16	Láróy/sarkósínat	56	10 000	0,0056			0,0056	0,05	A	Já	
17	C 9/11 2-10 EO, karboxýmetylað, natríumsalt eða sýra	100	10 000	0,01			0,01	0,05	A	O	
18	C 12/18 2-10 EO, karboxýmetylað, natríumsalt eða sýra	8,8	1 000	0,0088	5	100	0,05	0,05	A	O	
19	C 12/18 alkýlfosfaterar	38	1 000	0,038			0,038	0,05	A	N	
20	Ójónuð, yfirborðsvirk efni C 8 A 1-5 EO	7,8	1 000	0,0078			0,0078	0,05	A	J	
21	C 9/11 A, > 3-6 EO, einkum línuleg	5,6	1 000	0,0056			0,0056	0,05	A	J	
22	C 9/11 A, 6-10 EO, einkum línuleg	5	1 000	0,005			0,005	0,05	A	J	
23	C 9/11 A, 5-11 EO, fjölgreint	1	1 000	0,001			0,001	0,05	A	O	
24	C 10 A, 5-11 EO fjölgreint (þrjúþætt þrópenoxóalkóhól)	1	1 000	0,001			0,001	0,05	A	J	
25	C 12/15 A, 2-6 EO, einkum línuleg	0,43	1 000	0,00043	0,18	50	0,0036	0,05	A	J	
26	C 12/14 5-8 EO 1 t BuO (í endastöðu)	0,23	1 000	0,00023	0,18	100	0,0018	0,05	A	O	
27	C 12/15 A, 3-12 EO, fjölgreint	1	1 000	0,001	3,2	100	0,032	0,05	A	O	
28	C 12/15 (meðalgildi C < 14) A, > 6-9 EO	0,63	1 000	0,00063	0,24	10	0,024	0,05	A	J	
29	C 12/15 (meðalgildi C > 14) A, > 6-9 EO	0,4	1 000	0,0004	0,17	10	0,017	0,05	A	J	

Nr. 44/149

EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

18.7.2008

DID-númer	Heiti innihaldsefnis	Bráð eitruhrif			Langvinn eitruhrif			Niðurbrot		
		LC ₅₀ /EC ₅₀	ÖS (bráð)	ES (bráð)	Styrkur sem hefur ekki merkjánleg áhrif (NOEC) (*)	ÖS (langvinn) (*)	ES (langvinn)	NS	Lofthað	Loffirt
30	C 12/15 A ₃ > 9-12 EO	1,1	1 000	0,0011			0,017	0,05	A	J
31	C 12/15 A > 12-20 EO	0,7	1 000	0,0007			0,0007	0,05	A	O
32	C 12/15 A > 20-30 EO	13	1 000	0,013	10	100	0,1	0,05	A	O
33	C 12/15 A ₃ > 30 EO	130	1 000	0,13			0,13	0,5	L	O
34	C 12/18 A ₃ 0-3 EO	0,3	1 000	0,0003			0,0003	0,05	A	J
35	C 12/18 A ₃ 5-10 EO	1	1 000	0,001	0,35	100	0,0035	0,05	A	O
36	C 12/18 A ₃ > 10-20 EO	1	1 000	0,001			0,0035	0,05	A	O
37	C 16/18 A ₃ 2-8 EO	3,2	1 000	0,0032	0,4	100	0,004	0,05	A	J
38	C 16/18 A ₃ > 9-18 EO	0,72	1 000	0,00072	0,32	10	0,032	0,05	A	J
39	C 16/18 A ₃ 20-30 EO	4,1	1 000	0,0041			0,0041	0,05	A	J
40	C 16/18 A ₃ > 30 EO	30	1 000	0,03			0,03	0,5	L	J
41	C 12-15 A 2-6 EO 2-6 PO	0,78	1 000	0,00078	0,36	100	0,0036	0,05	A	O
42	C 10-16 A 0-3 PO 6-7 EO	3,2	5 000	0,00064	1	100	0,01	0,05	A	O
43	Glyserínkóát (1-5 EO)	16	1 000	0,016	6,3	100	0,063	0,05	A	J
44	Glyserínkóát (6-17 EO)	100	1 000	0,1			0,1	0,05	A	J
45	C 12/14 glúkósamíð	13	1 000	0,013	4,3	50	0,086	0,05	A	J
46	C 16/18 glúkósamíð	1	1 000	0,001	0,33	50	0,0066	0,05	A	J
47	C 8/10 alkylpólýglýkósíð	28	1 000	0,028	5,7	100	0,057	0,05	A	J
48	C 8/12 alkylpólýglýkósíð, greinótt	480	1 000	0,48	100	100	1	0,05	A	N
49	C 8/16 eða C 12-14 alkylpólýglýkósíð	5,3	1 000	0,0053	1	10	0,1	0,05	A	J
50	Mónóetanólamíð úr fitusýrum úr kókoshnetum	9,5	1 000	0,0095	1	100	0,01	0,05	A	J

DID-númer	Heiti innihaldsefnis	Bráð eituhrif			Langvinn eituhrif				Niðurbrot		
		LC ₅₀ /EC ₅₀	ÖS (bráð)	ES (bráð)	Styrkur sem hefur ekki merktanleg áhrif (NOEC) (*)	ÖS (langvinn) (*)	ES (langvinn)	NS	Loftháð	Loffírt	
51	Mónótanólamið úr fitusýrum úr kókoshnetum 4–5 EO	17	10 000	0,0017		0,0017	0,05	A	J		
52	Diétanólamið úr fitusýrum úr kókoshnetum	2	1 000	0,002	0,3	0,003	0,05	A	O		
53	PEG-4 amíð úr reppuölu	7	5 000	0,0014		0,0014	0,05	A	J		
